

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/1104**  
**komudagur 20.2.2012**

Reykjavík, 19. febrúar 2012

**Umsögn frá Háskólanum í Reykjavík vegna máls 468:** Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (sjálfstæði og lýðræði í háskólum, réttindi fatlaðra nemenda).

Háskólinn í Reykjavík vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna tveggja greina í frumvarpinu: 10. grein og 12. grein.

**Varðandi 10. grein frumvarps um breytingu á 15. grein laganna:**

Það er nauðsynlegt að tryggja að stjórn háskóla (hvort sem hún nefnist háskólaráð eða annað) geti veitt rektor aðhald og stuðning, en slíkt er illgerlegt ef rektor verður að vera formaður þeirrar stjórnar. Ennfremur eru það almennt ekki taldir góðir stjórnarhættir að formaður stjórnar og framkvæmdastjóri (rektor) séu sami einstaklingurinn. Við leggjum því til að setningin sem krefst þess að rektor sé formaður háskólaráðs verði tekin út.

Til vara, ef ætlunin er að lögin skyldi rektor til að vera formaður háskólaráðs, þá er nauðsynlegt að önnur stjórn með öðrum formanni geti veitt rektor aðhald og stuðning. Í annarri setningu greinarinnar er vísað í hugtakið "stjórn" sem þannig geti mögulega haft þetta hlutverk, en þarna er hugtakið án nokkurs samhengis, því eingöngu er vísað til háskólaráðs í öðrum hlutum greinarinnar. Við leggjum til að þessi grein verði lagfærð þannig að hugtakið stjórn sé skilgreint samhliða háskólaráði og skýrt sé hvaða hlutverk háskólaráð og stjórn geti haft.

**Varðandi 12. grein frumvarps um breyting á 18. grein laganna:**

Það er jákvætt skref að samræma kröfur um þá reynslu og þekkingu sem liggja skal að baki alþjóðlegum starfsheitum í háskólum. Sömuleiðis þarf að horfa til þeirra alþjóðlegu viðmiða sem notuð eru í ólíkum fræðasviðum. Í frumvarpinu er bent á sérþarfir Listaháskóla Íslands, en rétt er að benda á að fleiri fræðasvið hafa ólíkar hefðir (einnig í alþjóðlegu samhengi) og má þar benda á lögfræði sem dæmi. Við leggjum til að breyting verði gerð á orðalagi með tvö atriði í huga; annars vegar að skýrt sé að samsvarandi reynsla og þekking verði metin til jafns við doktorspróf þegar við á og hins vegar að horft sé til alþjóðlegra viðmiða á hverju fræðasviði. Ein leið væri að nota orðalagið: "Þeir sem bera framangreind starfsheiti skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á þeirra fræðasviði, staðfest með áliti dómnefndar eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla."